

**Nd.**

## **376. Frumvarp til laga**

um skipun innflutningsmála.

Flm.: Gylfi Þ. Gíslason.

### 1. gr.

Ríkisstjórnin ákveður, að fengnum tillögum stofnunar þeirrar, sem úthlutar innflutningsleyfum, hverjum skuli heimilt að flytja vörur til landsins til þess að verzla með þær eða nota þær í þágu atvinnurekstrar. Hún löggildir þá, er hún vill veita slíka heimild, sem innflytjendur og tilkynnir stofnun þeirri, sem úthlutar innflutningsleyfum, hverja hún hafi löggilt.

### 2. gr.

Eftirtalda aðila og þá eina má löggilda sem innflytjendur samkvæmt 1. gr.:

1. Ríkisfyrirtæki og opinberar stofnanir, svo og sveitarfélög, fyrirtæki og stofnanir þeirra.
2. Samvinnufyrirtæki og samvinnusambönd.
3. Innkaupafélög framleiðenda.
4. Innkaupafélög smásöluverzlana.
5. Framleiðendur.
6. Smásöluverzlanir (einkafyrirtæki og samvinnufélög).
7. Heildverzlanir og umboðsverzlanir.

Aðilar þeir, sem nefndir eru undir tölulíð 4 og 7, svo og samvinnusambönd, skulu hafa aðsetur í kaupstað.

### 3. gr.

Innkaupafélög framleiðenda og framleiðendur má aðeins löggilda til þess að flytja inn vörur til eigin þarfa. Smásöluverzlanir má löggilda til þess eins að flytja inn vörur til smásölu í verzluninni sjálfri og því aðeins, að þær hafi í hyggju að flytja inn allverulegt vörumagn og færi sönnur á, að þær eigi kost á hagkvæmum kaupum. Ekki má löggilda fleiri en tvö samvinnusambönd og tvö innkaupafélög smásöluverzlana í sömu verzlunargrein í sama kaupstað og ekki fleiri en þrjár heildverzlanir og þrjár umboðsverzlanir í sömu verzlunargrein í sama kaupstað. Heimilt er að löggilda aðila til innflutnings í fleiri en einni verzlunargrein.

### 4. gr.

Innkaupafélög framleiðenda og smásöluverzlana, heildverzlanir og umboðsverzlanir skulu, áður en þær hljóta löggildingu, fá staðfestingu ríkisstjórnarinnar á samþykktum sínum. Í þeim skulu m. a. settar reglur um launagreiðslur og kveðið á um tillag í sameignarsjóði. Þegar innkaupafélög framleiðenda og smásöluverzlana hafa lagt í sjóði samkvæmt samþykktum sínum, skulu þau úthluta tekjuafgangi sínum til þeirra, sem taka þátt í rekstri fyrirtækisins, í hlutfalli við viðskipti þeirra við fyrirtækið.

### 5. gr.

Stofnun sú, sem úthlutar innflutningsleyfum samkvæmt lögum um það efni, skiptir innflutningsleyfum í hverjum vöruflokki milli þeirra aðila, sem löggiltir hafa verið sem innflytjendur, ef þeir eru fleiri en einn. Skulu þá samtök framleiðenda, samvinnufélaga og smákaupmanna yfirleitt eiga rétt á innflutningi til þess að fullnægja vöruþörf þeirra neytenda eða notenda, sem að samtökunum standa eða taldir eru skipta við þá aðila, sem að samtökunum standa, nema annar löggiltur aðili sýni fram á, að hann eigi kost á hagkvæmari kaupum eða sé reiðubúinn að dreifa vörunni gegn lægri álagningu, en þá skal sá aðili sitja fyrir innflutningsleyfum.

### 6. gr.

Aðilar þeir, sem ríkisstjórnin löggildir til innflutnings, skulu senda henni efna- hags- og rekstrarreikning sinn ekki síðar en 4 mánuðum eftir lok reikningsárs. Reikningarnir skulu vera endurskoðaðir af endurskoðanda, er ríkisstjórnin tilnefnir, og skal honum heimilt að fylgjast með öllum rekstri fyrirtækisins, hann skal eiga aðgang að öllum bókuum þess og skjölum og eiga rétt á sérhverjum þeim upplýsingum, sem hann telur nauðsynlegar til þess að geta gegnt starfi sínu.

### 7. gr.

Ríkisstjórnin getur afturkallað löggildingu til innflutnings með 6 mánaða fyrirvara.

8. gr.

Fyrirtæki þau, er starfa að innflutningsverzlun, er lög þessi öðlast gildi og hljóta ekki löggildingu, mega starfa áfram í 6 mánuði.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglum, settum samkvæmt þeim, varða sektum allt að 500 000 kr. Ef miklar sakir eru eða brot er ítrekað, má og með dómi svipta sökumaut fyrirvaralaust löggildingu til innflutnings og rétti til verzlunar. Upptaka eignar samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga skal og heimil vera.

10. gr.

Með mál út af brotum samkvæmt 9. gr. skal fara að hætti opinberra mála.

11. gr.

Ríkisstjórnin setur í reglugerð nánari fyriræli um efni þau, er í lögum þessum greinir, þ. á m. það, hvað teljast skuli verzlunargrein.

Greinargerð.

Skipun þeirri, sem nú er á innflutningsverzlun þjóðarinnar, er mjög ábótavant. Höfuðgalli hennar er sá, að hún er þjóðfélaginu allt of dýr, en jafnframt er hún með þeim hætti, að mjög erfitt er að hafa öruggt eftirlit með, að verðlags- og gjald-eyrslög séu haldin, og þá um leið skattalög.

Það hefur meginþýðingu fyrir þjóðartekjur sérhverrar þjóðar, að sem flestir starfi að undirstöðuáttvinnuvegum hennar og sem mestu fjármagni sé beint að þeim, þannig að megináherzla sé lögð á þau störf, sem auka þjóðartekjurnar mest, en jafnframt, að reynt sé að komast af með seni minnstan mannafla og sem minnst fjármagn í öðrum atvinnugreinum. Undirstöðuáttvinnuvegi Íslendinga hefur nú um nokkurt skeið skort mjög vinnuafl, en hins vegar hefur tala þeirra manna, sem fást við verzlun og ýmis störf í þágu stjórnarkerfis hins opinbera og bæjar- og sveitarfélaga, aukist mjög verulega. Samkvæmt síðasta manntali, en það var gert 1940, var tala þeirra framfærenda á öllu landinu, sem störfuðu að verzlun, 4001 og hefur hún vafalaust hækkað mjög síðan. Tala þeirra framfærenda, er störfuðu að sjávarútvegi, var hins vegar 7413, og sést af þessum samanburði, að óeðlilegur fjöldi manna fæst við verzlunarstörf. Það er þjóðfélaginu í heild of dýrt að binda allan þennan mannafla við vöruútvegum og vörudreifingu innanlands, sérstaklega þegar þess er gætt, að undirstöðuáttvinnuvegina beinlínis skortir vinnuafl. Hinn óeðlilega mikli fjöldi verzlunarfyrirtækja bendir og til þess, að verzlunin bindi of mikinn mannafla, en tala skráðra heild- og umboðsverzlana í Reykjavík var um áramótin 1945—46 172, og tala smásöluverzlana, að mjólkurbúðum og fiskbúðum frátöldum, 577. Því miður eru ekki til neinar upplýsingar um, hversu mikið fjármagn muni bundið í verzluninni, en athugun, sem skipulagsnefnd atvinnumála gerði á verzluninni 1934, sýndi, að þá var bundið í henni mjög mikið og óþarflega mikið fjármagn, og hefur það þó vafalaust aukist síðan.

Ef meta á það frá þjóðhagslegu sjónarmiði, hvort verzlunin sé þjóðfélaginu óeðlilega dýr eða ekki, skiptir það því mestu máli, hvort hún bindur óeðlilega mikið vinnuafl og fjármagn, en samkvæmt framansögðu verður ekki komið hjá að álykta, að svo sé. Jafnframt skiptir máli í þessu sambandi hvort skipulag verzlunarinnar er með þeim hætti, að meira fari í súginn en nauðsynlegt er, en það verður að telja að eigi sér stað nú sökum þess, hve mikill fjöldi fyrirtækja fæst við þessi störf. En auk þessa skiptir mjög miklu máli, hversu mikið þjóðarheildin þarf að greiða þeim aðilum, sem við verzlunarstörf fást, fyrir störf þeirra, þ. e. a. s. hversu mikinn hluta þjóðarteknanna þeir bera úr bótum. Jafnvel þótt hæfilegur fjöldi manna og hæfilega

mikið fjármagn starfaði að þessari atvinnugrein, gæti verið, að tekjur þeirra fyrir þessi störf væru óeðlilega miklar miðað við laun annarra starfsstétta. Allir viðurkenna, að verzlunarstörf séu nauðsynleg í sérhverju menningarþjóðfélagi og að störf verzlunarstéttarinnar séu mjög þýðingarmikil. Um hitt ættu menn einnig að geta verið sammála, að þessi stétt má ekki taka meir fyrir þjónustu sína en hæfilegt getur talizt, þ. e. a. s. tekjur hennar mega ekki vera hærri en annarra stétta, sem gegna álíka þýðingarmiklum og vandasömum störfum. En það er alkunna, að verzlunarrekstur, og þá sérstaklega heildsala, hefur verið einn arðbærasti atvinnuvegur, sem hér hefur verið stundaður, og má fullyrða, að tekjur fjölmargra í þeirri stétt hafi farið langt fram úr því, sem telja má eðlilega greiðslu fyrir þá þjónustu, sem stéttin innir af hendi. Sökum skorts á opinberum töluskýrslum um tekjuskiptinguna í þjóðfélaginu er erfitt að færa tölulegar sannanir fyrir þessari staðhæfingu, en skattgreiðslur heildsalastéttarinnar bera þó vott um mjög miklar tekjur, og munu þó flestir telja, að mjög fjarri sé því, að öll kurl komi til grafar í skattaskýrslum. Hins vegar er hægt að færa óbyggjandi tölusannanir á það, að heildardreifingarkostnaður innfluttrar vöru, og þá sérstaklega heildsölukostnaðurinn, er óeðlilega hár. Verðlagseftirlitið gerði fyrir nokkru allýtarlega rannsókn á dreifingarkostnaðinum 1945 á grundvelli gagna þeirra, sem það fær í hendur frá innflytjendum, en þeim er skylt að senda verðlagseftirlitinu afrit af verðreikningi (kalkulation) sérhversrar vörusendingar sem flutt er til landsins. Var samin skýrsla um skiptingu verðs helztu flokka innfluttrar vöru á þessu ári frá fob-verði til söluverðs. Að visu sýnir skýrslan ekki, hversu mikill hluti söluverðsins er greiddur kostnaður heildsala og smásala og hversu mikið er ágóði þeirra, enda er það í sjálfu sér ekki aðalatriði málsins, þótt fróðlegt væri að fá þær upplýsingar, heldur hitt, hvort heildarkostnaðurinn við að koma innfluttum vörum úr skipi og til neytenda er óeðlilega hár eða ekki. Er skýrsla þessi prentuð hér með sem fylgiskjal ásamt skýringum þeim, sem verðlagseftirlitið hefur látið fylgja henni.

Skýrsla þessi sannar ótvírætt það, sem haldið hefur verið fram hér að framan, að skipulag innflutningsverzlunarinnar er allt of dýrt. Neytendur verða sem heild að greiða óþarflega mikið fyrir innfluttar vörur sökum þess, að kostnaður við að koma þeim úr skipi og til neytenda er óþarflega mikill, en það jafngildir hins vegar því, að óeðlilega mikill mannfjöldi og fjármagn fáiast við þessa starfsemi, auk þess sem tekjur eigenda innflutningsfyrirtækjanna eru vafalaust óeðlilega háar. Skal nú rætt nokkru nánar um niðurstöður þessarar skýrslu.

Fob-verð innfluttrar matvöru nam á þessu ári 21,2 millj. kr., verð hennar á höfn hér að viðbættum tolli nam 30,9 millj. kr., en tilsvarendi útsöluverð hins vegar 55,1 millj. kr. Þess er að visu að geta, að ekki er verzlað með alla kornvöruna í smásölu, heldur fer talsverður hluti hennar til brauðgerðarhúsa og keksverksmiðja. Sé gert ráð fyrir því, að aðeins  $\frac{3}{4}$  hlutar kornvörunnar fari um hendur smásala, verður kostnaður verzlunarinnar við dreifingu á þessari matvöru 20,4 millj. kr. á þessu eina ári eða um 850 kr. á hverja 5 manna fjölskyldu í landinu. Þessar tölur leiða í ljós, að það kostar næstum því jafnmikið að koma erlendum matvörum úr skipi hér og til neytenda og að framleiða þær erlendis og koma þeim í skip, og má öllum vera ljóst, að meira en lítið er bogið við það fyrirkomulag, sem svo er dýrt.

Um vefnaðarvöruna er það að segja, að kaupverð hennar erlendis (fob-verð) var 39,0 millj. kr., en verð hennar á höfn hér að viðbættum tolli (cif-verð + tollur) 58,2 millj. kr. Tilsvarendi útsöluverð er hins vegar hvorki meira né minna en 94,4 millj. kr. Dálítið af þeirri vefnaðarvöru, sem heildsalar flytja inn, mun notað til fatnaðargerðar og því ekki verzlað með hana í smásölu. Sé gert ráð fyrir, að það sé 5% af vörunni, verður kostnaður verzlunarinnar við að koma þessu magni af innfluttri vefnaðarvöru og fatnaði úr skipi og til neytenda 34,7 millj. kr. eða 1400—1500 kr. á hverja 5 manna fjölskyldu í landinu.

Hér verður það sama uppi á teningnum og þegar rætt var um matvöruna. Það



Þá væri allt eftirlit með þeim mun auðveldara, þótt auðvitað fengist ekki nein trygging fyrir því, að lög yrðu ekki sniðgengin.

Þá, sem eru sammála um, að gera þurfi gagngerðar breytingar á skipulagi innflutningsverzlunarinnar, greinir nokkuð á um, til hvaða ráðstafana skuli grípa. Það hefur frá upphafi verið stefnumál Alþýðuflokksins, að innflutningsverzlunina skuli þjóðnýta, og er það skoðun flutningsmanns þessa frv., að í því sé fólgin framtíðarlausn þessara mála. Þegar heimsstyrjöldin síðari skall á, hefði það haft stórkostlega þýðingu fyrir þjóðarbúskapinn, ef hið opinbera hefði tekið innflutningsverzlunina í sínar hendur. Hefði þá verið hægt að skipuleggja innkaupin og flutningana á hagkvæman hátt og lækka dreifingarkostnaðinn, en auður sá, sem hefur á þessum árum fallið í skaut einstakra kaupsýslumanna, hefði runnið í rikissjóð, og hefði hvort tveggja orðið almenningi til hagsbóta og til mikils gagns í baráttunni gegn dýrtíðinni. En eins og nú háttar máluun, er þó vafasamt, að framkvæmanlegt sé að koma á fót opinberri innkaupastofnun, er tæki að sér öll vörukaup til landsins, auk þess sem jafnan er hæpið að stofna til mjög stórfelldrar þjóðnýtingar meðan hætta er á, að stjórn hins þjóðnýtta atvinnureksturs yrði að meira eða minna leyti í höndum manna, sem eru þjóðnýtingu fjandsamlegir. En þótt ekki sé gripið til fullkominnar þjóðnýtingar, má skipuleggja innflutningsverzlunina þannig með löggjöf, að hún verði miklu ódýrari en nú á sér stað, jafnframt því, að auðveldara verði fyrir hið opinbera að tryggja, að lög þau, sem innflutningsverzlunin á að hlíta, séu haldin. Er það tilgangur þessa frv. og er það í samræmi við þá stefnu Alþýðuflokksins að skipuleggja þjóðarbúskapinn og koma á ætlnarhúskap.

Meginatriði frv. er það, að ríkisstjórnin skuli löggilda innflytjendur í hverri vöregrein og að innflytjendum skuli stórfækkað, þannig að innflutningur í hverri grein sé í höndum fárra en stórra fyrirtækja, sem eigi í samkeppni innbyrðis. Gert er ráð fyrir, að ríkið stundi innflutningsverzlun í sumum greinum, og hafi þá ýmist einkasölu, eins og það hefur nú á nokkrum vörutegundum, eða keppi við aðra innflytjendur. Sveitarfélög eiga og að geta komið til greina sem innflytjendur. Framleiðendur og innkaupafélög þeirra eiga að geta flutt inn nauðsynjar sínar, og er efling innkaupasamlaga framleiðenda þýðingarmikið hagsmunamál þeirra, en að öðru leyti er gert ráð fyrir, að innflutningsverzlunin í hverri grein sé í höndum innkaupafélaga samvinnufélaga og smákaupmanna — þó ekki fleiri en tveggja af hvorri tegund í hverri grein — og ekki fleiri en 3 heildverzlana og 3 umboðsverzlana í hverri grein í kaupstöðunum, en auk þess er gert ráð fyrir því, að smásöluverzlanir, hvort sem um er að ræða einkafyrirtæki eða samvinnufélög, geti flutt inn sjálfar þær vörur, er þær verzla með í smásölu, ef þær fullnægja vissum skilyrðum og ekki er um að ræða einkasölu í greininni.

Samvinnufélögin eiga innkaupafélag til þess að annast innflutningsverzlunina fyrir sig, Samband íslenzkra samvinnufélaga. Hins vegar hafa smákaupmenn reynzt framtakslitlir um myndun sameignarfyrirtækja til innkaupa. Þótt nokkur breyting hafi orðið í þá átt upp á síðkastið. Samþykkt þessa frv. hlyti á hinn bóginn að ýta mjög undir stofnun slíkra innkaupasamlaga, þar eð þau gætu fengið löggildingu sem innflytjendur. Þá er og gert ráð fyrir því, að í hverri verzlunargrein geti verið starfandi allt að þrjár heildverzlanir í kaupstöðunum. Væri þá eðlilegast, að helztu heildsölufyrirtækin í hverri grein, þ. e. a. s. þau, sem hefðu beztu og verðmætustu verzlunarsamböndin erlendis, sameinuðust um stofnun tveggja eða þriggja stórra heildverzlana, sem fengju síðan löggildingu. Þess skal þó getið, að ríkisstjórnin á að hafa í hendi sér, hvort hún löggildir einn, tvo eða þrjá aðila í hverri grein. Í sumum greinum kann að verða nóg að löggilda eina heildsölu, í öðrum greinum tvær eða þrjár, og er eðlilegast, að ríkisstjórnin meti það. Enn fremur er heimilað að löggilda allt að 3 umboðsverzlanir í hverri grein í hverjum kaupstað. En ástæðulaust væri þó að löggilda margar slíkar verzlanir í hinum smærri kaupstöðum.

Gert er ráð fyrir því, að stofnun sú, sem úthlutar innflutningsleyfum samkvæmt almennum lögum um það efni, skipti innflutningsleyfum milli þeirra aðila, sem löggiltir verða sem innflytjendur, ef þeir eru fleiri en einn.

Í frv. eru þó ákvæði um nokkrar meginreglur, sem fylgja skal við leyfisúthlutunina. Samtök framleiðenda, samvinnufélaga og smákaupmanna eiga yfirleitt að hafa rétt til þess innflutnings, sem þau eru talin hafa eðlilega þörf fyrir til þess að fullnægja þörfum þeirra aðila, sem að samtökunum standa eða taldir eru skipta við þá. Geti annar aðili hins vegar sýnt fram á, að hann eigi kost á hagkvæmari kaupum eða sé reiðubúinn til þess að dreifa vörunni gegn lægri álagningu, skal hann þó sitja fyrir innflutningnum.

Gert er enn fremur ráð fyrir því, að innkaupafélög framleiðenda og smásöluverzlana og heildverzlanir setji sér starfsreglur og fái staðfestingu ríkisstjórnarinnar á þeim, áður en þau hljóta löggildingu. Í starfsreglunum skal m. a. setja reglur um launagreiðslur og kveða á um tillag í sameignarsjóði. Þá er og innkaupafélögum framleiðenda og smásöluverzlana gert skylt að úthluta tekjuafgangi til þeirra, er þátt taka í rekstri fyrirtækisins, í hlutfalli við viðskipti þeirra við það. Þar eð hið opinbera fær aðilum þeim, er það löggildir til innflutnings, þýðingarmikil sérréttindi í hendur, virðist sjálfsagt, að ríkisvaldið hafi sem nánast eftirlit með starfi þeirra. Þykir því rétt að skylda þessa aðila til þess að senda ríkisstjórninni reikninga sína og að hún tilnefni endurskoðanda til þess að fylgjast með rekstrinum og reikningsskilunum.

Höfuðeinkenni þess skipulags á innflutningsverzluninni, sem frv. þetta gerir ráð fyrir, er það, að innflutningurinn yrði yfirleitt í höndum fárra, en stórra fyrirtækja, sem ættu í samkeppni innbyrðis, en væru undir nánu eftirliti hins opinbera. Í sumum greinum er eðlilegast og hagkvæmast, að ríkið eitt annist innflutninginn, svo sem á þeim vörum, sem nú er einkasala á, og enn fremur t. d. olíum og benzíni, kolum og salti. Í öðrum greinum væri, eins og nú háttar, æskilegt, að ríkisverzlun annars vegar og Samband ísl. samvinnufélaga hins vegar önnuðust innflutninginn í samkeppni, og á það við um t. d. byggingarvörur og jafnvel matvörur. Í ýmsum öðrum greinum, sérstaklega þeim, þar sem um mikla fjölbreytni í vöruúrvali er að ræða, svo sem vefnaðarvöruverzlun, hefur það ýmsa kosti, að innflutningurinn sé í höndum nokkurra aðila, sem keppi innbyrðis.

Höfuðkostir þessa fyrirkomulags, sem hér er gert ráð fyrir, eru þeir, að heildsölukostnaðurinn á að geta stórminkað við það, að innflytjendum er fækkað og innflutningurinn fenginn í hendur fáum stórfyrirtækjum, sem ættu að geta starfað mjög hagkvæmt, en auðvelt er að hafa nauðsynlegt eftirlit með. Heildsöluálagningu ætti því að vera hægt að lækka stórkostlega, þar eð álagningarþörf slíkra stórfyrirtækja yrði miklu minni en þess fjölda af fyrirtækjum, sem nú starfar að innflutningsverzluninni. Í raun og veru gæti starfsemi slíkra stórinflytjenda svipað fremur til umboðssölu en eiginlegrar heildsölu, og umboðslaun þá komið í stað álagningar, en að sjálfsgöðu geta aðilar þeir, sem löggildingu fá til innflutnings, einnig stundað umboðsverzlun samkvæmt löggildingu sinni, enda heimila almenn heildsöluleyfi einnig að stunda umboðsverzlun. Ýmis annar kostnaður, sem reiknaður er sérstaklega í verðreikningi, en ekki greiddur af álagningu svo sem heimflutningur, bankakostnaður og geymsluhúisleiga, ætti og að geta lækkað mjög verulega. Jafnframt varðveitir þetta fyrirkomulag kosti þess, að samkeppni sé milli þeirra, sem innflutninginn annast í flestum greinum.

Fylgiskjal.

**Skýrsla verðlagsefirlitsins um dreifingarkostnað innfluttrar vöru.**

	Fob-verð	Flutningsgjald	Vátrygging	Cif-verð	Tollar	Annar kostnaður	Kostnaðarverð	Heildisöluálagning	Heildisöluverð	Smásöluálagning	Smásöluverð	
Vöruflokkar:												
Matvörur .....	21 210 719	4 755 125	535 253	26 501 097	4 440 740	4 626 938	35 578 775	4 715 191	40 293 966	14 801 266	55 095 232	
Efnavörur .....	2 085 005	492 669	79 601	2 657 275	1 043 050	202 138	3 902 463	621 207	4 523 670	1 734 183	6 257 853	
Ritföng og pappírsvörur	2 045 897	357 253	72 003	2 475 153	684 673	179 702	3 339 528	684 817	4 059 239	1 869 651	5 928 890	
Leðurvörur .....	1 297 259	121 996	57 258	1 476 513	518 129	56 703	2 051 345	276 756	2 328 101	951 871	3 279 972	
Vefnaðarvörur .....	38 952 964	2 978 164	1 291 359	43 222 487	14 943 062	3 380 389	61 545 938	7 421 937	69 205 408	25 149 123	94 360 024	
Skófatnaður .....	6 426 703	1 085 457	221 293	7 733 453	2 746 837	490 273	10 970 563	785 742	11 765 147	4 338 760	16 105 610	
Útgerðarvörur .....	2 557 716	211 660	62 691	2 832 067	122 421	169 565	3 124 053	278 960	3 403 014	956 255	4 359 269	
Búsáhöld og verkfæri ..	8 680 817	1 376 809	279 983	10 337 609	2 228 255	919 087	13 484 931	2 116 518	15 657 410	6 936 816	22 598 132	
Saumavélar, olíuvélar ..	900 998	280 070	31 822	1 212 890	107 572	133 043	1 453 505	196 337	1 649 842	471 453	2 121 295	
Rafmagnsvörur .....	9 196 526	1 361 187	301 519	10 859 232	1 475 087	722 181	13 056 500	2 327 699	15 416 015	6 335 441	21 751 456	
Hjúkrunarvörur .....	388 630	52 263	12 536	453 429	45 563	39 009	538 001	71 588	609 589	262 709	872 298	
Ýmsar vörur .....	8 975 159	819 719	293 468	10 088 346	3 946 925	851 351	14 886 622	3 495 792	18 411 280	9 126 511	27 537 791	
Umbúða- og prentpappír	809 722	276 077	28 791	1 114 590	109 452	88 487	1 312 529	181 905	1 518 919	»	1 518 919	
Leðurv., o. fl. til skósmíða	1 165 108	93 085	28 971	1 287 164	145 039	108 762	1 540 965	616 386	2 157 351	»	2 157 351	
Timbur .....	6 325 117	4 093 492	257 075	10 675 684	1 007 206	1 270 239	12 953 129	3 332 229	16 285 358	»	16 285 358	
Aðrar byggingarvörur ..	6 200 665	2 245 762	205 503	8 651 930	918 304	829 490	10 399 724	2 998 439	13 398 163	132 631	13 530 794	
Bifreiðahlutar .....	5 143 972	670 880	155 321	5 969 993	835 453	612 780	7 418 226	1 342 635	8 760 861	1 411 755	10 172 616	
Vélar .....	8 596 604	1 542 966	251 560	10 391 130	993 394	622 685	12 007 209	1 688 112	13 719 740	1 532 974	15 252 714	
Ýmsar v. með einni álag.	3 113 511	549 118	99 928	3 762 557	703 132	453 025	4 918 714	933 664	5 825 378	471 987	6 324 365	
Vélar o. fl., selt án álag.	1 453 036	194 589	29 002	1 676 627	148 590	90 686	1 915 903	»	1 915 903	»	1 915 903	
Samtals	135 525 948	23 558 341	4 294 937	163 379 226	37 162 864	15 856 533	216 398 623	34 085 914	250 931 354	76 483 386	327 425 842	

### Skýringar verðlagseftirlitsins við skýrsluna.

Skýrslan er samín eftir verðútreikningum (kalkulationum) þeim, sem skrifstofa verðlagsstjóra afgreiddi á árinu 1945. Verðreikningarnir voru flokkaðir eftir álagningarákvaðum Verðlagseftirlitsins og einstakir liðir þeirra, fob-verð, flutningsgjald, váttrygging, tollar, annar kostnaður, kostnaðarverð og umboðslaun lagðir saman. Umboðslaun koma ekki fram í sérstökum dálki á skýrslunni, þótt þau hafi verið tekin til greina, þar sem upphæð þeirra er tiltölulega óveruleg. Þar sem cifverð eitt er tilgreint á verðreikningunum, hefur því verið skipt niður í fob-verð, flutningsgjald og váttryggingu eftir sömu hlutföllum og gilda fyrir vörflokkinn í heild. Síðan var reiknað út, hve miklu heildsöluálagning, heildsöluverð, smásöluálagning og smásöluverð nemur, ef gert er ráð fyrir, að allt magnið, sem flutt er inn, sé selt eins og venjulegt er, e. t. v. bæði í heildsölu og smásölu. Þessu skilyrði er auðvitað ekki fullnægt í öllum heildarflokkum. T. d. er mikill hluti matvörunnar (kornvaran) ekki seldur í smásölu. Þar sem það sést á verðreikningunum, að álagningin hefur verið lægri en heimilað er, hefur verið reiknað með raunverulegri álagningu, en annars gert ráð fyrir, að hin leyfða álagning hafi verið notuð. Þegar vörur hafa verið fluttar inn af smásöluverzlunum, hefur öll álagningin verið talin smásöluálagning. Stundum getur verið álitamál, hvort telja eigi álagningu heildsölu- eða smásöluálagningu. Álagningin á byggingarvörum hefur verið talin heildsöluálagning og sömuleiðis álagning á allar vörur, sem notaðar eru í iðnaði. Álagning á vélar, hreyfla, hjólbarða og vökvasturtur hefur verið talin heildsöluálagning, en álagning á varahluti smásöluálagning. Skýrslan nær ekki yfir vörur, sem fyrirtæki hafa flutt inn til eigin notkunar eða framleiðslu, og heldur ekki yfir kol, olíu, salt, sement, tóbak, áfengi, jarðávexti og grænmeti. Vörur, sem fluttar eru inn á höfn utan Reykjavíkur, koma heldur ekki til greina í skýrslunni.